



	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18/2 2021
Málsnr:	2102598
Bréfsl:	0384

Til sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands

Reykjavík 15. febrúar 2021
Tilv. 2011236/2.6.2

Efni: Eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórnum sveitarstjórnarskrifstofa

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að vera framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar. Það setur reglur um skjalavörslu og skjalastjórnum og á jafnframt að hafa eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar ríkisins og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni, fylgi lögum og reglum. Afhendingarskyldir aðilar eru skilgreindir í 1. og 2. mgr. 14. gr. ofangreindra laga. Þar segir: *Afhendingarskyldir aðilar sem heyra undir stjórnsvöldum sveitarfélags skulu afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín ef sveitarfélagið rekur ekki héraðsskjalasafn á eigin vegum eða á ekki aðild að slíku safni.*

Árið 2017 kannaði Þjóðskjalasafn skjalavörslu og skjalastjórnum sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafn Íslands og árin 2004, 2012, 2016 og 2020 var skjalavarsla og skjalastjórnum afhendingarskyldra aðila ríkisins könnuð. Niðurstöður hafa verið gefnar út í skýrslum sem aðgengilegar eru á vef safnsins. Tilgangur kannananna var að meta hvernig afhendingarskyldir aðilar uppfylla lög og reglur um skjalavörslu og skjalastjórnum til að efla ráðgjöf, þjónustu og eftirlit safnsins. Þá var aflað upplýsinga um skjalakost afhendingarskyldra aðila, umfang pappírsskjala og fjöldu rafrænna gagnasafna, til þess að meta þörf Þjóðskjalasafns fyrir geymslurými í nánustu framtíð.

Nú er ástæða til að kanna á ný skjalahald sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns Íslands. Er markmiðið með könnuninni það sama og fyrr og jafnframt fast ný gögn sem sýna hvernig skjalahaldið hefur þróast. Afar mikilvægt er að öll sveitarfélög sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns svari könnuninni svo að samanburður við niðurstöður síðustu könnunar verði raunhæfur. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um skoðanakönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn ber framkvæmdastjóri sveitarfélags ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórnum síns sveitarfélags, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við lög og reglur sem fyrr er getið. Þetta bréf er því sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga en gert er ráð fyrir að þeir feli skjalastjóra eða skjalaverði að svara könnuninni, ef slíkur starfsmaður er fyrir hendi.

Könnunin verður send rafrænt til framkvæmdastjóra sveitarfélaga 3. mars og þess farið á leit að henni sé svarað eigi síðar en 19. mars næstkomandi. Árni Jóhannsson, skjalavörður, hefur umsjón með verkinu. Beina má spurningum til hans á póstfangið arni.johannsson@skjalasafn.is.

Virðingarfallst,

Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður